

Nd.

460. Frumvarp

til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar, 18. gr., 19. gr., 26. gr., 28. gr., 29. gr., 31. gr. og 38. gr.

1. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinir, svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukabing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« í fyrstu málsgr. 26. gr. komi: 42.

Í stað »26« í annari málsgr. sömu gr. komi: 28.

Í stað »34« í þriðju málsgr. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukabing, eða það sem eftir er af því þingi.

5. gr.

Fyrir orðin »í efri deild« í niðurlagi 29. greinar komi: sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

6. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. grein skal koma: annaðhvert ár.

7. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.